



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Ársskýrsla 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hlutverk rannsóknasetra í samfélaginu

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Hótel Selfossi

29. mars 2012 kl. 13:00 – 16:30

Dagskrá

- 12:00 Rúta leggur af stað frá Aðalbyggingu HÍ.
- 13:00 Hádegishressing.
- 13:30 Ávarp. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Árborgar.
- 13:45 Setning. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.
- 14:00 Starfsemi rannsóknasetrana árið 2011. Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.
- 14:15 Rannsóknir við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi. Tómas Gunnar Grétarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi.
- 14:25 Háskóli Íslands í Sandgerði - Möguleikar til rannsókna og kennslu á Suðurnesjum. Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- 14:50 Kaffi.
- 15:20 Þekkingarsetur - hlutverk og mikilvægi í svæðisbundinni þróun. Þórarinn V. Sólmundarson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- 15:40 Rannsóknasetur í samfélaginu. Uppbygging til framtíðar. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum.
- 16:00 Blómstrandi þekkingarsetur: Hvað hafa þau að geyma? Erla Björk Örnólfssdóttir, forstöðumaður Varar, sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð.
- 16:20 Samantekt og fundarslit.
- 16:45 Brottför frá Hótel Selfossi.
- 17:30 Komið til Reykjavíkur.

Fundarstjóri: Steingerður Hreinsdóttir, ráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands.

Efnisyfirlit

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	2
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.....	7
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra.....	10
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík.....	12
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi.....	15
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	19
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum.....	21

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er vettvangur samstarfs Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir, styrkja tengsl Háskólans við atvinnu- og þjóðlíf, og auka möguleika almennings til menntunar. Stofnunin byggist á Rannsóknasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir Háskólaráð.

Háskólaráð samþykkti á fundi 17. mars 2011 að breyta heiti stofnunarinnar úr Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands í Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands. Jafnframt voru heiti setranna sem undir stofnunina heyra samræmd. Þau nefnast nú öll Rannsóknasetur Háskóla Íslands, kennd við viðkomandi stað. Með breytingunni er lögð áhersla á tengsl rannsóknasetranna við háskólann og að þau myndi eina heild.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður er dr. Rögnvaldur Ólafsson. Stjórn stofnunarinnar var auk stjórnarformanns skipuð þeim Erlu Björk Örnólfsdóttur framkvæmdastjóra Varar, sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð, Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni prófessor við HÍ og Rannveigu Ólafsdóttur dósent við HÍ en Rannveig sagði sig frá stjórnarsetu og tók Steingerður Hreinsdóttir atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands sæti hennar þegar ný stjórn var skipuð til þriggja ára í febrúar 2011. Þrír verkefnisstjórar hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Birna Gunnarsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir og Úlfar Gíslason, önnuðust stjórnarsýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina, auk vinnu við vefsíður. Samtals nam vinnuframlag þeirra u.þ.b. einu ársverki.

Árið 2011 voru starfrækt rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Starfsemi var á Austurlandi megnið af árinu en með nokkuð öðru sniði en annars staðar. Ársverk voru rúmlega 16 hjá Stofnun rannsóknasetra á árinu og starfsmenn um 28, þar af níu í fullu starfi allt árið, auk þess sem fjöldi meistara- og doktorsnema nýtti aðstöðu á setrunum. Einnig fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setranna til skemmri tíma.

Rannsóknasetrin sinna rannsóknum á lífríki hafsins, umhverfi og landnýtingu, ferðamálum og fleiru. Frá 2010 hafa einnig verið stundaðar rannsóknir í sagnfræði og 2011 bættist fornleifafræði við viðfangsefni rannsóknasetranna. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setranna og við Háskóla Íslands í Reykjavík.

Samkomulag Stofnunar rannsóknasetra og Líf- og umhverfisvísindadeildar skólans um aukið samstarf tók gildi 1. júlí. Samkomulagið er til þriggja ára og hefur markmið að styrkja tengsl stofnunarinnar og einstakra starfseininga hennar á landsbyggðinni við Líf- og umhverfisvísindadeild.



Samkvæmt samkomulaginu verður heimilt að fela akademískum starfsmönnum setranna kennsluskyldu á framhaldsstigi eða þriðja ári grunnnáms við deildina sem nemur allt að 20% af starfshlutfalli þeirra. Þá er akademískum starfsmönnum stofnunarinnar heimilt að leiðbeina nemendum í meistara- og doktorsnámi og að sitja í meistara- og doktorsnefndum við Líf- og umhverfisvísindadeild. Stofnun

rannsóknasetra Háskóla Íslands eða einstökum rannsóknasetrum er jafnframt heimilt að annast tiltekin námskeið í heild sinni, s.s. vettvangsnámskeið, samkvæmt ákvörðun Líf- og umhverfisvísindadeildar. Í samkomulaginu er einnig að finna ákvæði um rannsóknafrelsi starfsmanna Stofnunar rannsóknasetra sem starfa fyrir Líf- og umhverfisvísindadeild og rétt þeirra til setu á fundum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Líf- og umhverfisvísindadeildar.

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands fór Háskólalestin um landið og nam staðar í heimabyggðum allra rannsóknasetranna. Vegleg dagskrá var á hverjum stað og vakti ferð lestarinnar alls staðar mikla athygli. Starfsfólk rannsóknasetranna tók virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd viðburðanna.

Á Vísindavöku RANNÍS sem haldin var í Háskólabíói í september kynntu fulltrúar setursins á Suðurnesjum rannsóknir á grjótkrabba og öðrum sjávardýrum við góðar undirtektir.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra var haldinn í Þjóðminjasafni Íslands 23. nóvember 2011. Yfirskrift ársfundarins var „Möguleikar í samstarfi rannsóknasetra og deilda Háskólans“ og sóttu hann um fjörutíu manns. Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands flutti setningarávarp og fundarstjóri var Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs Háskóla Íslands.

Glærukynningar með erindum sem flutt voru á ársfundinum má nálgast á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig krækjur á vefsíður rannsóknasetranna.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi tók til starfa 2006. Dr. Jón Einar Jónsson sérfræðingur við HÍ er forstöðumaður. Jón Einar er dýravistfræðingur og vinnur við rannsóknir á stofnvistræði æðarfugls og dílaskarfs. Una Kristín Jónsdóttir var í 50% starfi við setrið í janúar. Árni Ásgeirsson líffræðingur var verkefnaráðinn í 100% starf frá og með 11. júlí. Hann sinnir rannsóknum á lunda, æðarfugli, máfum og ritu. Doktorsnemar við rannsóknasetrið eru Freydis Vigfúsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson og voru bæði við gagnasöfnun sumarið 2011.

Arnpór Garðarsson, professor emeritus við HÍ, sinnir rannsóknum á dílaskarfi ásamt forstöðumanni og Úlfari Henningssyni flugmanni og var áfram unnið að skarfatölu sem fór fram í 21. skipti á árinu. Smári Lúðvíksson æðarbóndi í Rífi starfaði með Jóni Einari og Þórði Erni að rannsóknum í æðarvarpinu þar.

Tveir sumarstarfsmenn unnu við Rannsóknasetrið 2011. Arnór Þrastarson líffræðinemi vann við verkefnið „Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Döllum. Grunnupplýsingar ætlaðar ferðapjónustu og ferðamönnum“ sem Rannsóknasetrið og Náttúrustofa Vesturlands (NSV) stóðu sameiginlega að með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Arnór skilaði lokaskýrslu til Rannís í september. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur sinnti kríurannsóknum fyrir Rannsóknasetrið. Vör - sjávarrannsóknasetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull réðu hana til starfa í félagi við Rannsóknasetrið í 3 mánuði í sumar og vann hún að verkefnum fyrir allar stofnanirnar, m.a. fuglarannsóknum í tengslum við vöktunaráætlun fyrir Þjóðgarðinn. Ellen vinnur að mastersritgerð um skúma undir leiðsögn Jóns Einars.

Háskólalestin kom á Snæfellsnes í lok í apríl í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og var Stykkishólmur fyrsti áfangastaðurinn á ferð lestarinnar um landið. Meðal viðburða má nefna að Háskóli unga fólksins heimsótti Grunnskólann í Stykkishólmi og var með sérstök námskeið fyrir 4.-10. bekk. Þá var vegleg og fjölsótt Vísindaveisla á Hótel Stykkishólmi. Rannsóknasetrið tók þátt í skipulagningu og framkvæmd dagskrárinnar og kynnti starfsemi sína og rannsóknir.

Rannsóknasetrið átti samstarf við Grunnskólann í Stykkishólmi um að tengja kennslu í skólanum við lundarannsóknir á vegum setursins. M.a. var mismunandi útgáfum af lundum sem nemendur 10. bekkjar smíðuðu úr krossviði komið fyrir í eyjum í nágrenni Stykkishólms þar sem kanna á hvort nýta má tálflugla til að endurvekja gömul lundavörp. Heimamenn höfðu þegar komið tálfluglum fyrir í tveimur eyjum.

Rannsóknasetrið stóð fyrir opnum gestafyrirlesturum í Ráðhúsi Stykkishólms í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands. Erpur Snær Hansen og Árni Ásgeirsson fjölluðu um lunda í janúar og Ellen Magnúsdóttir sagði frá fuglalífi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli í nóvember.

Setrið tekur þátt W23, samstarfi fimm náttúrutengdra stofnana á Snæfellsnesi ásamt Náttúrustofu Vesturlands, Útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar í Ólafsvík, Vör - sjávarrannsóknarsetri við Breiðafjörð og Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Hópurinn vinnur að því að kynna tækifæri og aðstöðu til rannsókna á Snæfellsnesi, og það rannsóknastarf sem þegar er á svæðinu. Með kynningarstarfinu vilja stofnanirnar laða rannsóknánámsnema til starfa, gera rannsóknastarfsemi sýnilegri og efla rannsóknir á Snæfellsnesi. Sýning um æðarfugl og æðarrækt, Æðarsetur Íslands, var sett upp í Norska húsinu sumarið 2011 og lagði Rannsóknasetrið til texta um líffræði æðarfugls fyrir sýninguna.

Jón Einar kenndi hluta veggja námskeiða við Háskóla Íslands, fuglafræði á vormisseri og dýrafræði á haustmisseri. Þá kenndi hann námskeiðið Dýrafræði hryggdýra við Landbúnaðarháskóla Íslands á vormisseri.



Hann er leiðbeinandi Þórðar Arnar Kristjánssonar í doktorsnámi og meðleiðbeinandi og umsjónaraðili HÍ fyrir meistaranemann Hálfdán Helgason sem lauk rannsókn um stofnvistfræði lunda á árinu. Þá var Jón Einar, ásamt Tómasi G. Gunnarssyni forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, leiðbeinandi Kristínar Alísu Eiríksdóttur sem vann að BS verkefni um grágæsir.

Í september sótti Jón Einar Fourth International Seaduck Conference í Seward, Alaska, og hélt erindi um merktar æðarkollur á Rifi, sem Smári Lúðvíksson bóndi þar hefur merkt síðan 1993. Á sömu ráðstefnu var Þórður Örn með veggspjald og var því vel tekið. Freydís hélt erindi á fræðslufundi Fuglaverndar í janúar, og kynnti rannsóknir sínar með erindum á þremur ráðstefnum og málpingum á Englandi.

Jón Einar tekur þátt í norrænu samstarfi um rannsóknir á vatnafuglum og loftlagsbreytingum, Nordic Waterbirds and Climate Network, NOWAC. Verkefnið er styrkt af NordForsk. Í október var haldin alþjóðlega ráðstefna í Öster Malma í Svþíþjóð þar sem rædd voru ýmis málefni er varða vernd og nýtingu andfugla á Norðurlöndum, m.a möguleg áhrif loftslagsbreytinga á andastofna í Norður-Evrópu. Jón Einar flutti þar fyrirlesturinn Recent changes in population of common eider in Iceland: Implications for future monitoring.

Á Líffræðiráðstefnunni í nóvember voru fluttir fyrirlestrar og kynnt veggspjöld um rannsóknir í tengslum við Rannsóknasetrið. Jón Einar Jónsson fjallaði um æðarfugl, Arnþór Garðarsson um dílaskarf, Þórður Örn Kristjánsson um æðarfugla og nökkva, Árni Ásgeirsson um lunda og Arnór Þrastarson um fuglaskoðun.

Útgefið efni

Árni Ásgeirsson. 2011. Breytingar og færsla lunda á suðursvæði Breiðafjarðar. Fuglar 8: 44-46.

Jón Einar Jónsson. 2011. Brandendur í Andakílsós 2007 og 2008. Bliki 31: 25-30.

Kristjánsson T.O., Jónsson J.E. 2011. Effects of down collection on incubation temperature, nesting behaviour and hatching success of common eiders (*Somateria mollissima*) in west Iceland. *Polar Biology* 34: 985-994.

Fyrirlestrar og veggspjöld

Arnþór Garðarsson & Jón Einar Jónsson. 2011. Stofnferli grunnsjávarfugls: dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*) á Íslandi 1998-2011. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.

Ellen Magnúsdóttir. 2011. Fuglalíf á utanverðu Snæfellsnesi. Fyrirlestrar í boði Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Ráðhús Stykkishólms, 28. nóvember.

- Jón Einar Jónsson & Smári Lúðvíksson. 2011. Merktu æðarkollurnar í Rífi skipta um hreiðurstæði eftir veðri, vindum og hver annarri. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.
- Jón Einar Jónsson. 2011. Tengist ástand loðnustofnsins varpi hjá æðarfugli? Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.
- Jónsson, J.E. 2011. Recent changes in population of common eider in Iceland: implications for future monitoring. Nordic Waterbirds in a warming world, haldin af Nordic Waterbirds and Climate Network (NOWAC), Öster Malma, Svíþjóð, 24.-28. Október.
- Jónsson, J.E. 2011. Nest site switching in an increasing colony of common eider, in relation to nest densities and winter weather. Fourth International Seaduck Conference, Seward Alaska, September 12-16, 2011.
- Jón Einar Jónsson. 2011. Bernskubrek æðarblika. Fyrirlestur á Vísindaveislu í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands, Hótel Stykkishólmi 30. apríl.
- Jón Einar Jónsson. 2011. Stofnvísitala æðarfugls - mat byggt á hreiðurtölum æðarbænda. Vöktun íslenskra fuglastofna - vinnufundur á Náttúrfræðistofnun Íslands, 28. apríl.
- Jón Einar Jónsson. 2011. Æðarfugl, lifnaðarhættir, líffræði og varpstöðvar. Æðarrækt og æðardúnn – námskeið fyrir matsmenn æðardúns. Endurmenntun Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri & Bændasamtökin, 29. janúar.
- Árni Ásgeirsson. 2011. Varpvistfræði lunda og endurheimt gamalla lundavarpa með tálfluglum í eyjum á suðursvæði Breiðafjarðar. Kvöldstund með lundum (með Erp Snæ Hansen). Fyrirlestrar í boði Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Ráðhús Stykkishólms, 26. janúar ,
- Arnór Þrastarson, Jón Einar Jónsson & Róbert Arnar Stefánsson. 2011. Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölum. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.
- Árni Ásgeirsson. 2011. Varpvistfræði lunda á Breiðafirði. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.
- Þórður Örn Kristjánsson, Jón Einar Jónsson & Jörundur Svavarsson. 2011. Prey selection of common eiders, Somateria mollissima in Breidafjörður, West Iceland. Fourth International Seaduck Conference, Seward Alaska, September 12-16, 2011.
- Þórður Örn Kristjánsson, Jón Einar Jónsson & Jörundur Svavarsson. 2011. Fæðuval breiðfirska æðarfugla (Somateria mollissima) af fjöru og klapparbotni á vormánuðum 2007-2010. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.

Skýrslur

- Arnór Þrastarson. 2011. Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölum – Grunnupplýsingar ætlaðar ferðaþjónustu og ferðamönnum. Rannsóknasetur Háskóla Íslands og Náttúrustofa Vesturlands. Lokaskýrsla til Rannís, október 2011. 61. bls.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum hóf störf í nóvember 2007. Forstöðumaður er dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur. Verkefni setursins eru fjölbreytt en hafa flest tengst náttúru, samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum. Á vegum setursins voru stundaðar fjölmargar rannsóknir á árinu, einkum á sviðum líffræði og fornleifafræði en setrið kom einnig að rannsóknum á sviði ferðamála, samfélags og landfræða. Árið 2011 urðu breytingar hjá Rannsóknasetrinu en í upphafi ársins hóf Dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur störf. Auk rannsókna voru unnin verkefni sem tengdust nærsamfélaginu og miðlun þekkingar en þar bar hæst komu Háskólalestarinnar til Bolungarvíkur í ágúst. Einnig má nefna þátttöku sérfræðinga setursins í fyrirlestaröðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um fornleifafræði og um náttúru Vestfjarða. Skólabörn úr Grunnskóla Bolungarvíkur heimsóttu Rannsóknasetrið og kynntust starfsemi þess, og er stefnt að því að slíkar heimsóknir verði fastur liður í starfi setursins.

Í maí var Rannsóknaklasi á Vestfjörðum stofnaður að frumkvæði Rannsóknasetursins og Náttúrustofu Vestfjarða og hafa fjölmargar vestfirskar rannsókn- og stoðstofnanir auk vestfirska rannsóknaverkefna gerst aðilar að klasanum. Guðbjörg Ásta situr í stjórn hans.

Mikilvægur áfangi í rannsóknastarfi setursins á sviði fornleifafræði náðist á árinu þegar setrið



fékk styrk úr Fornleifasjóði til að hefja rannsóknir á póstskipinu Phönix sem fórst við Snæfellsnes árið 1881. Styrkurinn markar nokkur tímamót í þróun neðansjávarfornleifafræði hérlendis enda er verkefnið fyrsta skipulagða mæling neðansjávarminja við Íslandsstrendur. Verkefnið er unnið í samstarfi við Embætti ríkislögreglustjóra þar sem atvinnukafarar embættisins gefa vinnu sína við rannsóknina en þannig er kleift að

framkvæma tíma- og fjárfreka rannsókn langt undir raunkostnaði. Rannsóknum á hvalveiðum erlendra manna við Ísland á 17. öld var haldið áfram á árinu. Þá var framkvæmd forkönnun vegna framhaldsrannsókna á minjum erlendra hvalveiðimanna í Strandasýslu og er markmiðið að hefja rannsóknir á tveimur hvalveiðistöðvum til viðbótar árið 2012. Einnig var framhald á verkefninu „Fornleifakönnun á neðansjávarminjum við Vestfirði“ sem miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknamöguleika. Meðal annars verða minjar nálægt verslunarstöðum og hvalveiðistöðvum kannaðar í tengslum við verkefnið..

Í líffræðirannsóknum urðu þau tímamót að styrkur fékkst fyrir líffræðipátt þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um nýtingu sjávarauðlinda, einkum þorsks, á Íslandi á sögulegum tíma. Um sumarið hófust vettvangsrannsóknir en þessi fyrsti fasi verkefnisins miðar að því að nota efna- og erfðafræðilegar greiningar á fornum þorskbeinum til að kanna breytileika í stofnuppbyggingu þorsks frá landnámi til nútíma. Í framhaldinu verður unnið að því að tengja þessar sveiflur mannfræðilegum og umhverfisáhrifum og að lokum meta áhrif af mögulegum stofnsveiflum í hafinu á samfélög í sjávarbyggðum. Áframhald var á rannsóknum á villtum þorskseiðum en um haustið hófst þriðja ár vettvangsvinnu þar sem seiði voru veidd af mismunandi búsvæðum og dýpi við strendur Norðvesturlands. Verkefnið miðar að því að

skilja þá vistfræðilegu þætti sem ráða afföllum og uppkomu seiða, m.a. botngerð, samkeppni og afrán, og hvaða vist og- þróunarfræðilegu afleiðingar val á þessum tíma hefur á þorskstofninn. Við rannsóknina eru notaðar vist-, erfða- og efnafræðilegar mælingar en niðurstöður þessara þriggja ára hafa þegar veitt nýja þekkingu um botntöku, fæðu og ferðir þorskseiða. Af öðru markverðu af þorskseiðum á árinu má nefna að út kom grein í tímaritinu *Journal of Experimental Marine Biology and Ecology* sem lýsir áhrifum hitastigs á fæðu og félagsatferli seiða. Niðurstöðurnar benda til áhrifa af hækkuðum sjávarhita á þessa þætti og þar með líkleg áhrif á afkomu seiðanna, m.a. vegna aukinnar afránshættu. Greinin markar nokkur tímamót. Byggt á þessum niðurstöðum var sótt um styrki til rannsókna á áhrifum hitastigs á bæði villt seiði og eldisseiði og verður því áframhald rannsókna á þessu sviði hjá setrinu á árinu 2012.

Árið 2011 var fyrsta árið í starfi Rannsóknasetursins þar sem ekki var ferðamálafræðingur í föstu starfi. Það markaði þó ekki lok ferðamálarannsókna á vegum setursins; Íris Hrud Halldórsdóttir sem vann fyrir hönd setursins að áhugaverðu verkefni um sjóstangaveið í samstarfi við Maria-Victoria Gunnarsdóttur, PhD nema við Norwegian College of Fishery Science. Aðrir verkefnaráðnir starfsmenn voru Leifur Þór Þorvaldsson, aðstoðarmaður við þorskseiðarannsóknir, Kalina Kapralova, sérfræðingur á rannsóknastofu og Kristinn N. Edvardsson sem vann að B.S. verkefni sínu „Frá kotbýlum til bæjarsamfélags“ með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Rannsóknanemar við setrið eru Guðmundur Smári Gunnarsson sem vinnur að PhD verkefni „Áhrif þéttleika og búsvæða á sérhæfingu, lifun og atferli fiska“ undir leiðsögn Guðbjargar Ástu; Hlynur Reynisson sem vinnur MSc verkefnið „Torfuhegðun hjá þorski“, einnig undir leiðsögn hennar, og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir sem vinnur MA verkefni „Kot í Rangárvallasýslu“ undir leiðsögn Ragnars Edvardssonar. Auk þess hefur Anna Guðrún Edvardsdóttir aðstoðu við setrið en PhD verkefni hennar er unnið við Menntavísindasvið HÍ og ber heitið „Menntun og konur á landsbyggðinni.“ Þá vann Maria-Victoria Gunnarsdóttir, nemi við Norwegian College of Fishery Science við setrið að PhD verkefni sínu, „Sjóstangaveiði og fiskveiðistjórnun.“

Þrátt fyrir að árið hafi að miklu leyti einkennst af frágangi og greinaskrifum vegna eldri rannsóknaverkefna, auk þess sem fyrstu skrefin voru tekin í nýjum, voru starfsmenn setursins á faraldsfæti á árinu. Í upphafi árs var sérfræðingum setursins boðið að taka þátt í fundi vegna Evrópuverkefnis á Kýpur og skömmu síðar var Ragnari boðin þátttaka á ráðstefnu í Santa Barbara í Kaliforníu þar sem hann kynnti niðurstöður rannsókna á veru baskneskra hvalveiðimanna á Ströndum. Merkum áfanga var fagnað með góðum samstarfsmönnum á Hólum í Hjaltadal þar sem Guðbjörg Ásta var prófdómari fyrsta framhaldsnemans sem útskrifast frá skólanum.

Útgefið efni

Theodorou, P., Snorrason, S.S. & Ólafsdóttir, G.A. 2011. Reaching the limit: reduced behavioral flexibility of juvenile Atlantic cod (*Gadus Morhua*) at higher temperatures. *Journal of Experimental Marine Biology and Ecology*.

S.J.L. Morrison, I. Simpson, R. Edvardsson 2011. „Site-Based Chronology of Fishing Stations, Vestfirðir, Iceland“, *Archaeologica Islandica* 9, Reykjavík. In press.

R. Edvardsson 2011. „A 17th Century Whaling Station in Iceland,“ Í, *Basque Whaling in Iceland in the 17th Century*, University of Santa Barbara Press.

Kapralova, K.H, Morrissey, M.M., Snorrason, S.S., Ólafsdóttir, G.Á., Kristjánsson, B.K., and Ferguson, M.M. 2011. Evolutionary origins of widespread small benthic charr (*Salvelinus alpinus* (L.)) in Iceland. *Heredity*.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Bjarni Kr. Kristjánsson, Lisa Doucette, Hilmar J. Malmquist, Skúli Skúlason & Sigurður S. Snorrason. 2011. Threespine stickleback. Bls. 207–210. Í: *Thingvallavatn. A unique world evolving* (Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson ritstjórar). Opna, Reykjavík. 326 bls.

Guðmundur Smári Gunnarsson & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Búsvæði og fæðuvistir þorskseiða (*Gadus morhua*) við Vestfirði. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.

Fyrirlestrar og veggspjöld

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir & Panagiotis Theodorou. Reaching the limit: constrained behavioural flexibility of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) at current coastal temperatures. . Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.

Ragnar Edvardsson. The Whaling Station at Strákatangi. Ráðstefna um hvalveiðar Baska á 17. öld, University of Santa Barbara, Kaliforníu. 28. janúar 2011.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Ragnar Edvardsson. Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum. Kynning á stofnfundi Rannsóknaklasa Vestfjarða. 26. – 27. maí 2011.

Ragnar Edvardsson. Amores in tempore romanorum. Fyrirlestur á málstofu í tilefni Háskólalestarinnar í Bolungarvík. 13. ágúst 2011.

Ragnar Edvardsson. Underwater Archaeology and Heritage Management in Iceland, fyrirlestur fyrir MA nema hjá Háskólasetri Vestfjarða.

Ragnar Edvardsson. Rannsóknir á neðansjávarminjum við Vestfirði. Ráðstefna Ferðamálasamtaka Vestfjarða á Núpi í Dýrafirði.

Ragnar Edvardsson. Fornleifar á Vestfjörðum. Fyrirlestraröð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Makaleit til sjós og lands. Fyrirlestur á málstofu í tilefni Háskólalestarinnar í Bolungarvík. 13. ágúst 2011.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Þorskur og maður. Fyrirlestraröð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Námsritgerðir

Kristinn Nikulás Edvardsson. 2011. “Frá kotbýlum til bæjarsamfélags”. BS ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra hóf starfssemi 2009 og hefur dr. Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur gegnt starfi forstöðumanns frá upphafi. Rannsóknasetrið sérhæfir sig í rannsóknum á sviði hugvísinda og er meginviðfangsefni þess sagnfræðirannsóknir. Lára var eini fasti starfsmaðurinn á árinu en Kristín Arnþórsdóttir vann yfir sumarmánuðina við uppsetningu og kynningu á bókasafni, heimasíðu rannsóknasetursins og fleira.

Auk sagnfræðirannsókna var á árinu unnið áfram að samstarfsverkefni um hljóðskjalasafn sem setrið hafði frumkvæði að á fyrsta starfsári. Markmið verkefnisins er að koma á fót stafrænu hljóðskjalasafni og skrá í fræðilegan gagnagrunn með opnum aðgangi. Styrkir fengust frá Vaxtar- og menningarsamningi Norðurlands vestra, Þjóðhátíðarsjóði og Húnaþingi vestra til að vinna frumverkefni þar sem hljóðskjöl sem til eru á Héraðsskjalasafninu á Hvammstanga verða afrituð, skráð og færð í gagnagrunn á netinu. Verkefnið er unnið á Hvammstanga undir stjórn Láru, en Miðstöð munnlegrar sögu annast umsjón þess. Aðrir samstarfsaðilar eru Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, Tónlistarsafn Íslands/Músik og saga ehf. (Ísmús) og þjóðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Bókasafn Halldórs Bjarnasonar er hluti af starfsemi Rannsóknasetursins og voru talsverðar framkvæmdir á árinu við að búa bókasafninu viðeigandi umgjörð. Á efri hæð gamla kaupfélagshússins á Skagaströnd, þar sem setrið er með skrifstofu, hefur bókasafninu verið komið fyrir og er þar góð lestrar- og vinnuaðstaða fyrir 10 – 15 manns. Fjarkennslustofa sveitarfélagsins er á sömu hæð og hefur setrið þar aðgang að fjarkennslubúnaði og interneti ásamt fundaraðstöðu. Bókasafnið sjálft og rýmið sem fylgir því gerbreytir allri starfsaðstöðu á rannsóknasetrinu og eykur möguleika til margs konar funda- og samkomuhalds, auk þess sem aðstaða fyrir rannsóknanemendur og gestafræðimenn er nú mjög góð.

Skráningu *Bókasafns Halldórs Bjarnasonar* í Gegni hjá Landsbókasafni var að mestu lokið á árinu. Til stendur að skipa safninu ráðgjafanefnd sem aðstoði við ákvarðanir um innkaup í framtíðinni. Erfingjar Ögmundar Helgasonar gáfu setrinu bækur úr safni hans og er skráning þeirra hafin í Landsbókasafni. Þá er stefnt að því að bókasafn Sveitarfélagsins Skagastrandar verði aðgengilegt á staðnum.

Lára er meðleiðbeinandi Sean Bruce Lawing, doktorsnema í íslenskum bókmenntum við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands; verkefni hans nefnist „Disfigurement Plots in Old Icelandic Law and Literature“. Stefnt er að því að koma á formlegu samstarfi við Hugvísindasvið og sagnfræði um kennslu, aðild setursins að Hugvísindastofnun HÍ og fleira.

Í október var tekið á móti um 60 nemendum í land- og ferðamálafræði. Þeir dvöldu á Skagaströnd í fimm daga námsferð og unnu ýmis verkefni sem tengjast svæðinu.

Rannsóknasetrið tók þátt í Hugvísindaþingi á vormisseri 2011. Forstöðumaður setursins hélt fyrirlestur á þinginu og stóð fyrir málstofu um tengsl akademíu og menningartengdrar

ferðapjónustu. Meðal fyrirlesara á var Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, en auk hennar og Láru héldu Áki G. Karlsson þjóðfræðingur, Uggi Ævarsson minjavörður Suðurlands, Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða, og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar erindi. Sólveig vannur með Láru að undirbúningi greinargerðar um ferðapjónustu og menningu fyrir menntamálaráðuneytið.

Í júní var haldið málþing í Helsinki á vegum norræns samstarfsverkefnis um kynjarannsóknir á miðöldum, Nordic Medieval Gender Network, sem forstöðumaður Rannsóknasetursins á aðild að, og flutti hún þar fyrirlestur. Þá tók Lára þátt í skipulagningu hugmyndaleitar Þingvallanefndar á árinu og hélt erindi á vinnufundi um framtíðarskipulag Þingvalla.

Rannsóknasetrið tók þátt í ferðapjónustuverkefninu „Huggulegt haust“ sem atvinnufulltrúar efndu til í Húnavatnssýslum, og stóð fyrir örnámskeiði Dr. Reynis Þórs Eggertssonar í handritamenningu og fyrirlestri Dr. Emily Lethbridge, ásamt sýningu stuttrar heimildarmyndar um Íslandsferðir hennar og rannsóknir á íslenskum miðaldabókmenntum.

Lára tekur þátt í undirbúningi þverfræðilegs rannsóknarverkefnis um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu í tilefni af því að árið 2017 verða 500 ár liðin frá upphafi siðaskiptanna. Verkefnið er að frumkvæði guðfræði- og trúarbragðadeildar Háskóla Íslands. Þá situr hún í fagráði Stofnunar Sigurðar Línalds í réttarsögu, sem er á vegum Háskólans á Bifröst og Snorrastofu í Reykholti.

Í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands heimsótti Háskólalestin Skagaströnd, með Háskóla unga fólksins, ásamt Sprengjugenginu í maí. Háskóli unga fólksins var í grunnskólanum annan daginn, en síðari daginn voru sýningar og fyrirlestrar fyrir almenning. Viðburðirnir voru ágætlega sóttir og mæltust vel fyrir. Þar töluðu Sævar Helgi Bragason, Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands, og Soffía Auður Birgisdóttir og Þorvarður Árnason, en þau starfa bæði við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði. Þegar Háskólalestin nam staðar í Bolungarvík í ágúst var Lára, forstöðumaður Rannsóknasetursins á Norðurlandi vestra, með í för og flutti fyrirlestur í Ástarvíkinni.

Útgefið efni

Lára Magnúsardóttir. „Case(s) of Excommunication“, Liber Amicorum Ditlev Tamm - Law, History and Culture, eds. Per Andersen, Pia Letto-Vanamo, Kjell Åke Modéer, Helle Vogt. DJØF, Copenhagen 2011, bls. 185-197.

Lára Magnúsardóttir. „Hvað er Jón Sigurðsson?“ Saga IX:1 (2011).

Fyrirlestrar

Lára Magnúsardóttir. "Nature and Heritage – Putting Cultural Tourism into Motion", fyrirlestur á þverfaglegri ráðstefnu í Listasafni Íslands: Practicing Nature-Based Tourism. 5. -6. febrúar 2011.

Lára Magnúsardóttir. "The Spiritual and the Temporal in Government" Fyrirlestur á þinginu Taking Care of Body and Soul, Medieval gender history – a Nordic research network með þátttöku Helsinki Collegium for Advance studies. 16. – 17. júní 2011.

Lára Magnúsardóttir. „Umkomuleysi hugtaka á borð við græðgi, rannsóknarskýrsla og afsökunarbeiðni í samhengi við kenningarskort um stjórnarfar á miðöldum.“ Hugvísindaping 2011 – fyrirlestrahlaðborð, 11. - 12. mars 2011.

Lára Magnúsdóttir. “Þegar menning er atvinnulíf”. Inngangsfyrirlestur á Hugvísindapingi hinu síðara: Tengsl akademíu og menningartengdrar ferðaþjónustu. 25. mars 2011

Lára Magnúsdóttir. “Réttarsaga”, aðalfyrirlestur á ráðstefnu Stofnunar Sigurðar Líndal í réttarsögu um framtíðarstarfsemi stofnunarinnar.

Lára Magnúsdóttir. “Sifjafræði rannsóknarskýrslu og afsökunarbeiðni. Genin úr bannfæringu“. Fyrirlestur á aðalfundi Sagnfræðingafélags Íslands. 29. mars 2011

Lára Magnúsdóttir. ““(Mis)notkun sögunnar. Að nota eða nota ekki. Er sagan vannýtt?”“ Fyrirlestur á afmæli Sagnfræðingafélagsins, 1. október 2011.

Lára Magnúsdóttir – “Sagnfræðisetur á landsbyggðinni; hlutverk og möguleikar”. Fyrirlestraröð AkureyrarAkademíunnar. 31. mars 2011.

Lára Magnúsdóttir. “Um menningu í ferðaþjónustu”, erindi flutt á málþinginu Ferðaþjónusta allt árið í boði uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps. 16. nóvember 2011.

Lára Magnúsdóttir – “Fjölbreytt hlutverk Þingvalla”, erindi á ráðstefnu og vinnufundi í kjölfar hugmyndaleitar Þingvallanefndar fyrir Þjóðgarðinn á Þingvöllum. 22. október 2011.

Lára Magnúsdóttir – „Af ástarmálum Vestfirðinga á 15. öld. Hver getur elskað fertuga sjö barna móður? Hvað með sextuga?“ Fyrirlestur með Háskólalest í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands hjá Rannsóknasetri HÍ á Vestfjörðum. 13. ágúst 2011.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík hófst árið 2007. Forstöðumaður þess er dr. Marianne H. Rasmussen sjávarspendýrafræðingur. Við rannsóknasetrið eru stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum, einkum hvölum. Marianne var eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið. Doktorsneminn Edda Elísabet Magnúsdóttir var í 80% starfi til 1.apríl en fór þá í fæðingarorlof til áramóta.

Á vegum Rannsóknaseturins er mikil samvinna við háskóla og stofnanir hérlendis og erlendis, bæði um rannsóknir og kennslu. Fredrik Christiansen frá Svíþjóð hóf rannsóknarvinnu fyrir doktorsnám sitt í sumar. Doktorsverkefni hans fjallar um áhrif hvalveiða á hegðunarmynstur hrefna og nefnist „Whaling-whalewatching conflicts in the exploitation of minke whales in Iceland“ Fredrik hyggst safna gögnum frá suðvesturströnd landsins bæði úr landi og af hvalaskoðunarbátum. Marianne er leiðbeinand Fredriks ásamt Dr David Lusseau við University of Aberdeen. Í febrúar var Marianne í Skotlandi í tengslum við Erasmus kennaraskipti og kenndi við University of St Andrews og University of Aberdeen.

Maria Iversen frá Danmörku og Chiara Bertulli frá Ítalíu undirbúa doktorsrannsóknir og voru báðar við gagnaöflun í sumar. Maria var á Húsavík vegna rannsókna á steypireyði, safnaði hljóðupptökum, tók ljósmyndir, og aflaði vefjasýna til erfðafræðirannsókna.

Sara Martin, meistaranemi við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði, var á Húsavík í tvo mánuði vegna rannsóknaverkefnisins „An Assessment of Unregulated Whale Watching Activities on Skjálfandi Bay.“ Þá vann Mila Koponen frá Finnlandi, sem stundar B.S. nám við Háskólann á Akureyri; að rannsókn sinni á hnísunum í þrjá mánuði.

Átta erlendir starfsmenn voru við Rannsóknasetrið á árinu: Damien Saffroy, Claire Mornas, Linda Porteous, Zoe Burr, Cecilie Thuelund, Justine Herve, Michelle Braña Bradin og Steve Geelhoed og dvöldu frá tveimur vikum til þriggja mánaða á Húsavík.

Í júlí var vettvangsnámskeið í sjávarspendýrarannsóknum á Húsavík undir stjórn Marianne og aðstoðuðu doktorsnemarnir Edda Elísabet Magnúsdóttir, Maria Iversen, Fredrik Christiansen and Chiara Bertulli við kennsluna. Tuttugu og sex nemendur víðs vegar að úr heiminum sóttu námskeiðið.



Rannsóknasetrið hefur frá upphafi safnað hljóðupptökum sem nýtast til að greina viðveru ólíkra hvalategunda á NA-horni landsins, sem og ólíka hljóðmyndun þeirra. Upptökunum er safnað með sérhæfðum neðansjávarhljóðupptökutækjum. Á fyrri hluta ársins var safnað upptökum af hljóðum hnúfubaka í Skjálfandaflóa og aftur um sumarið. Þá voru hnísur fangaðar í rannsóknaskyni með aðstoð húsfirskra sjómanna og Hermanns Bárðarsonar hjá Hvalasafninu á Húsavík. Rannsóknasetrið er í

miklu samstarfi við Hvalasafnið og var í sumar unnið áfram að verkefni um greiningu hvala með ljósmyndun.

Marianne sótti The Fourth International Science Symposium on Bio-logging í Hobart í Ástralíu í mars og hélt þar erindi um rannsóknir sínar á hljóðmerkjum sem blettahnjóðingur beitir við samskipti og við fæðuöflun.

Í ágúst voru Tom Akamatsu frá Japan og Mikkel Villum frá Danmörku við merkingar á hvölum á Skjálfanda. Þremur sendum var komið fyrir á hnúfubökum og þeir síðan endurheimtir.

Marianne var andmælandi við doktorsvörn Outi Tervo frá Kaupmannahafnarháskóla í lok ágúst. Í október tóku starfsmenn Rannsóknasetursins þátt í málstofu á vegum The Wild North en það er norrænt samstarfsverkefni sem setrið á aðild að og hefur að markmiði að efla sjálfbæra náttúrulífsferðaþjónustu.

Þrjú erindi voru haldin á Líffræðiráðstefnunni í nóvember, þar sem Marianne og doktorsnemarnir Edda Elísabet Magnúsdóttir og Chiara Bertulli kynntu rannsóknir sínar.

Þá héldu Fredrik Christiansen, Maria Iversen og Chiara Bertulli erindi á alþjóðlegri ráðstefnu sjávarspendýr í Tampa í Flórída í desember.

Marianne tók þátt í kennslu tveggja námskeiða við Líf- og umhverfisvísindadeild, Náttúrfræði og Vistfræði spendýra.

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands kom Háskólalestin á Húsavík seint í maí með fjölbreytta dagskrá. Marianne kynnti rannsóknir sínar á hljóðheimi hvala á vísindaveislu í tengslum við heimsóknina og heimsótti ásamt talsmanni samtakanna International Fund of Animal Welfare (IFAW) á Íslandi í Grunnskóla Húsavíkur þar sem þau fræddu nemendur um lífnaðarhætti hvala við Ísland og rannsóknirnar sem stundaðar eru við setrið.

Útgefið efni

- Christiansen, F, Rasmussen, M, Lusseau, D (2011). Inferring surface time of Minke whales from inter-surfacing interval data using a hidden Markov model. SC/63/RMP6.
- Christiansen, F, Rasmussen, M, Lusseau, D (2011). Whalewatching boats disrupt the foraging activities of Minke whales in Faxaflói bay, Iceland. SC/63/WW2.
- Dudzinski, KM, Brown, SJ, Lammers, M, Lucke, K, Mann, DA, Simard, P, Wall, CC, Rasmussen, MH, Magnúsdóttir, EM, Tougaard, J, and Eriksen, N (2011). Trouble-shooting deployment and recovery options for various stationary passive acoustic monitoring devices in both shallow and deep water applications. J. Acoustic Soc. Am. 129, 436-448.
- Rasmussen, MH (2011). Discoveries of the Census of Marine Life—Making Ocean Life Count. Book Review. Arctic, Antarctic, and Alpine Research, 43, 490–491.
- Wahlberg, M, Jensen, FH, Natacha Aguilar Soto, NA, Beedholm, K, Bejder, L, Oliveira, C, Rasmussen, M, Simon, M, Villadsgaard, A and Madsen, P (2011). Source parameters of echolocation clicks from wild bottlenose dolphins (*Tursiops aduncus* and *Tursiops truncatus*). J. Acoust. Soc. Am. 130, 2263-2274.

Fyrirlestrar

- Bertulli, C, Magnúsdóttir, E, Bárðarson, H, Tetley, MJ, Rasmussen, MH (2011). Photo-identification studies conducted during whale-watching operations in Faxaflói and Skjálfandi bays, are suggesting that *L. albirostris* inhabits large scale coastal Icelandic waters. ECS conference, Cadiz, Spain.
- Christiansen, F, Rasmussen, M and Lusseau, D (2011). Whalewatching boats disrupt the foraging activities of Minke whales in Faxaflói bay, Iceland. Society for Marine Mammalogy, Tampa, Florida, U.S.A.
- Cranford, T, Rasmussen, MH, Potter, CW, Krysl, P (2011). Hyperoodon Echo-morphology: Biosonar anatomy in the northern bottlenose whale. Society for Marine Mammalogy, Tampa, Florida, U.S.A.
- Iversen, M., Rasmussen, M. H. , Magnúsdóttir, E. E. and Lammers, M. O. (2011). Recordings of Blue whale sound in NE-Iceland with a single hydrophone and Ecological Acoustical Recorders (EARs). Society for Marine Mammalogy, Tampa, Florida, U.S.A.
- Johansen, MK, Iversen, M, Rasmussen, MH, Bárðarson, H and Víkingsson, G (2011). Photo-identification of Blue Whales (*Balaenoptera musculus*) in Skjálfandi Bay, Iceland. Dansk Havpattedyr symposium, Copenhagen, Denmark.
- Rasmussen MH (2011). Long term study of photo-identification, distribution and acoustics of white-beaked dolphins in Icelandic waters. Kerteminde Workshop, Denmark.
- Rasmussen, MH, Akamatsu, T, Teilmann, J and Miller LA (2011). New insight in diving and possible foraging behaviour of a white-beaked dolphin using an acoustic tagging system. 4th Science Biologging conference, Hobart, Tasmania.

Bertulli, C, Barðarsson, H, Rasmussen, M and Tetley, MJ (2011). Photo-identification of minke whales (*Balaenoptera acutorostrata*) in the coastal waters of Faxaflói and Skjálfandi Bays, Iceland. Biology conference, Reykjavik.

Magnúsdóttir, EE, Joshua Cummings and Marianne H. Rasmussen (2011). Effects of boat traffic on the minke whale's (*Balaenoptera acutorostrata*) swimming behaviour in Skjálfandi bay, NE-Iceland. Spennedyr fundur, Reykjavik.

Rasmussen, MH and Akamatsu, T (2011). Using acoustic tags to describe the foraging and acoustic behaviour of humpback whales in Skjálfandi bay. Biology conference, Reykjavik.

Unnsteinsdóttir, ER, Viglundsdóttir, HÝ, Nilsson, PA and Rasmussen, MH (2011). The Wild North project. Without destination, Reykjavik.

Viglundsdóttir, HÝ, Unnsteinsdóttir, ER, Rasmussen, MH (2011). The Wild North project. The XVth Nordic Congress of Wildlife Research. Reykjavik.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Egilsstöðum hóf starfsemi árið 2008. Starfshópur um endurskipulagningu starfseminnar, skipaður fulltrúum heimamanna og Háskóla Íslands, tók til starfa um mitt ár 2010. Starfshópnum var ætlað að líta til sérstöðu svæðisins og hvernig Háskóli Íslands og sveitarfélagið í samvinnu við fleiri aðila geta stuðlað að rannsóknum á Héraði, aukið möguleika almennings til menntunar og styrkt tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Niðurstöður starfshópsins lágu fyrir um mitt ár 2011. Í samræmi við tillögur hans var gerður samningur til fimm ára milli Háskóla Íslands og Fljótsdalshéraðs um verkefni sem miða að því að efla rannsóknir á þróun og uppbyggingu á háskólastarfsemi í sveitarfélaginu á þeim sviðum er tengjast svæðinu og byggja á styrkleikum þess. Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, og Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, undirrituðu samninginn á Egilsstöðum 20. ágúst. Fjöldmenni var við undirritun samningsins sem fór fram sömu helgi og Háskólalestin heimsótti Egilsstaði en viðburðir í tengslum við ferð Háskólalestarinnar um Austurland vöktu verðskuldaða athygli og voru afar fjölsóttir.

Samkvæmt ákvæðum samningsins skal á fyrstu tveimur árum gildistímans styrkja verkefni á sviði rannsókna og fræða sem unnin eru á Fljótsdalshéraði eða með beinni tengingu við svæðið. Árið 2011 var lagt fé til rannsóknavinnu Önnu Guðrúnar Edvarðsdóttur doktorsnema á Austurlandi þar sem hún skoðar tengsl háskólamenntunar og byggðapróunar og kannar þá menntunarlegu, samfélagslegu og pólitísku orðræðu sem birtist þegar rætt er um eflingu háskólamenntunar á landsbyggðinni frá 1990 til samtímans. Auk launa og launatengdra gjalda, greiddi Stofnun rannsóknasetra ferða- og dvalarkostnað vegna vinnunnar á Austurlandi og útvegaði starfsaðstöðu. Ákveðið var að verja hálfri milljón króna til að styrkja rannsókn Guðrúnar Jónsdóttur á Egilsstöðum á ónýttum möguleikum í atvinnustarfsemi tengdri hreindýraveiðum og verður framlagið greitt við skýrsluskil. Eitt af meginverkefnum setursins er að stuðla að auknum möguleikum til háskólamenntunar á svæðinu og var í því skyni ákveðið að styðja við fjarkennslu í aðferðafræði á vegum menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands. Um tuttugu nemendur í meistaranámi af Austurlandi voru skráðir í námskeiðið og greiddi setrið laun og ferðakostnað tveggja

aðstoðarkennara á svæðinu, þeirra Sigrúnar Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur. Þá var greiddur allur kostnaður vegna ferða beggja umsjónarmanna námskeiðsins, Guðrúnar Kristinsdóttur prófessors og Amalíu Björnsdóttur dósents, frá Reykjavík til Egilsstaða þar sem kenndar voru tvær staðlotur. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag sem sparaði nemendum bæði tíma og fé og verður áfram unnið með þekkingarnetinu að því að bæta aðgengi nemenda í fjarnámi við Háskóla Íslands að kennurum og stuðningi.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetrið á Hornafirði var stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á umhverfi, náttúrufari, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum aðstöðu til rannsókna- og fræðastarfs. Rannsóknasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í fjölbreyttri starfsemi sem þar á sér stað. Setrið hefur unnið að margvíslegum verkefnum fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, klasana Ríki Vatnajökuls og Frið og frumkrafta, Vatnajökulspjóðgarð og fleiri aðila. Það starfar einnig náið með Þórbergssetri og Kirkjubæjarstofu.

Forstöðumaður Rannsóknasetursins er dr. Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur. Auk hans störfuðu árið 2011 þrír fastráðnir starfsmenn við setrið: Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur í stöðu sérfræðings og verkefnisstjórnir Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir og Sandra Björg Stefánsdóttir. Sigrún Inga kom aftur til starfa s.l. vor eftir fæðingarorlof, en fór svo utan til framhaldsnáms í Svíþjóð síðla sumars. Sandra Björg hætti sömuleiðis störfum fyrir setrið um miðbik árs. Auk ofangreindra voru tveir starfsmenn í verkefnabundnum hlutastörfum við setrið, þau Johannes T. Welling umhverfisfræðingur og Hólmfríður B. Þrúðmarsdóttir ferðamálafræðingur. Jafnframt voru tveir námsmenn í sumarstörfum við setrið, þær Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir og Guðrún Einarsdóttir. Doktorsnemar í verkefnum sem tengjast setrinu voru tveir en meistaranemar sex, þar af tveir með aðsetur í Nýheimum.



Meginviðfangsefni Rannsóknasetursins á Hornafirði eru annars vegar rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar (m.a. rannsóknir á landslagi og um stjórnun friðlýstra svæða) og hins vegar rannsókna- og þróunarverkefni sem varða sjálfbæra ferðaþjónustu og margvíslega nýsköpun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum (t.d. vetrarferðaþjónustu, fræðandi ferðaþjónustu, matarferðaþjónustu og ævintýraferðaþjónustu). Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Ekki fer fram skipulögð kennsla á vegum setursins en það hefur þó reglulega staðið fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnu við ýmis svið og námsbrautir Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Sérfræðingar setursins sinna jafnframt stundakennslu við Háskóla Íslands og annast leiðbeiningu meistara- og doktorsnema.

Viðamestu verkefni rannsóknasetursins árið 2011 voru: (a) frágangur á Northern Environmental Education Development project (NEED), fjölþjóðlegu samstarfsverkefni um þróun umhverfismenntar og fræðandi ferðapjónustu í tengslum við friðlýst svæði; (b) framhald rannsókna á viðhorfum ferðamanna til vetrarferðamennsku á Íslandi, (c) vinna við verkefnið Matur og sjálfbær ferðapjónusta sem er samstarfsverkefni fjölmargra innlendra aðila undir forystu Matís ohf. og (d) undirbúningur, umsjón og skýrslugerð vegna Íbúapings á Hornafirði. Meðal annarra verkefna má nefna rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, vinnu við verkefnið Fræðandi ferðapjónusta á Suðurlandi, rannsóknir á útivistarhegðun ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði, ráðgjöf vegna stefnumótunar í Ríki Vatnajökuls ehf., ráðgjöf við gerð deiliskipulags við Jökulsárlón, upplýsingaöflun og faglega umsjón með 65 ára afmælisýningu Skinneyjar-Þinganess hf, og skipulag og umsjón með Heilsuþingi á Hornafirði.

Árið 2011 var haldið eitt vettvangsnámskeið við setrið í samvinnu við námsbraut í Umhverfis- og auðlindafræði og var það í þriðja sinn sem námskeiðið var kennt. Forstöðumaður setursins tók einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd námsheimsóknar 50 nemenda úr Listaháskóla Íslands til Hornafjarðar. Setrið hafði enn fremur milligöngu um komu fjögurra erlendra námshópa til Hornafjarðar og annaðist kennslu fyrir tvo þeirra að hluta. Forstöðumaður annaðist stundakennslu í tveimur námskeiðum, þar af einu hjá Listaháskóla Íslands. Þorvarður var einnig meðumsjónarmaður evrópskrar námsheimsóknar sem haldin var á Hornafirði að hluta. Þá var hann einn kennara á námskeiði fyrir norræna doktorsnema í umhverfishugvísindum sem haldið var í Svíþjóð á vegum Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies. Loks tóku starfsmenn setursins virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd þeirra viðburða sem tengdust komu Háskólalestarinnar til Hafnar um miðjan maí.

Haldin var ein ráðstefna og þrjú málþing á vegum rannsóknasetursins eða í samstarfi við það á árinu. Þorvarður flutti alls fimmtán fræðilega fyrirlestra á árinu, þarf af fjóra erlendis, og Soffía Auður fimm. Þorvarður var einnig prófdómari einnar meistara-ritgerðar og sat í valnefnd vegna stöðu lektors í ferðamálafræðum. Þá sá Soffía Auður um gerð þriggja útvarpsþátta um bókmenntir fyrir Ríkisútvarpið. Þorvarður setti enn fremur upp einkasýningu á ljósmyndum sínum í Listasafni Svavars Guðnasonar á Höfn, auk þess sem útiljósmyndasýning hans frá árinu 2010 var sett upp aftur á nýjum stað.

Útgefið efni

Soffía Auður Birgisdóttir. "Þar var Herdís." Um ljóðagerð Herdísar Andrésdóttur (1858-1939).
Stína. Tímarit um bókmenntir og listir. 3. hefti 2011, s. 7-24.

Soffía Auður Birgisdóttir, Gert Kreutzer og Halldór Guðmundsson(ritstj.). Die schönsten
Erzählungen Islands. Berlin: Insel Verlag.

Fyrirlestrar

Þorvarður Árnason. "Global climate change - Up close and personal" The Environmental
Humanities: Cultural perspectives on Nature and the Environment, NIES Research
Symposium V, Sigtuna, 14.-16. okt. 2011"

Þorvarður Árnason. "Rooting around: searching for the foundations of environmental policy".
Advancing Theory and Method in the Environmental Humanities, a Nordic Researcher
Training Course, Sigtuna, 14.-19. okt. 2011.

- Þorvarður Árnason. "The Regional Research Center in Hornafjörður, Southeast Iceland". Nordregio - The Regional Potential of Higher Education Institutions, Stokkhólmur, 12. desember 2012.
- Þorvarður Árnason. "Kórafraeði - drög að óþekktri fræðigrein". Hugvísindaping 2011 - fyrirlestrahlaðborð, Reykjavík, 11.-12. mars 2011.
- Þorvarður Árnason. "Landslag - þar sem maður og náttúra mætast?". Hugvísindaping 2011 - þemaping með málstofum, Reykjavík, 25.-26. mars 2011.
- Þorvarður Árnason. "Matur og sjálfbær ferðaþjónusta: Mælingar á sjálfbærni - niðurstöður tilraunaverkefnis kynntar" (ásamt Johannesi T. Welling). Sjálfbærni í staðbundinni matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, Smyrlabjörg, 26.-27. okt. 2012.
- Þorvarður Árnason. "Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Náttúrufar, landslag og verndargildi". Jökulsárlón - deiliskipulag og friðlýsing, Freysnes, 17. nóv. 2011.
- Þorvarður Árnason. "Samfélags- og menningarleg(t) hlutverk rannsóknasetra". Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra HÍ, Reykjavík, 23. nóv. 2011.
- Þorvarður Árnason. "Fræðandi ferðalög - upplifun, skilningur eða skemmtun?". Á slóðum bókana, Hali í Suðursveit, 22.-23. október 2011.
- Þorvarður Árnason. "Kórsöngur - allra meina bót?" Flutt í dagskrá á vegum Háskólalestarinnar (Fjör og fræði), Höfn, 14. maí 2011.
- Þorvarður Árnason. "Kórsöngur - allra meina bót?" Flutt í dagskrá á vegum Háskólalestarinnar, Skagaströnd, 21. maí 2011.
- Þorvarður Árnason. "Lærum allt lífið - ný tækifæri í menntun út frá hugmyndum lærdómssamfélagsins" (ásamt Eyjólf Guðmundssyni og Ragnhildi Jónsdóttur). Menntaping Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Gunnarsholt, 4. mars 2011.
- Þorvarður Árnason. "Skot í niðamykrri - markaðssetning vetrarferðaþjónustu án rannsókna og þróunarstarfs". Hvaða tækifæri eru í norðurljósum? Hlutverk gagnrýnna rannsókna í ferðaþjónustu, Reykjavík, 27. október 2011.
- Þorvarður Árnason. "Triple helix dynamics in rural areas". Flutt í tengslum við námskeiðið European Study Visit to Iceland, Höfn, 21. september 2011.
- Þorvarður Árnason. "Nýheimar in Hornafjörður - towards a new BRAVE world of sustainable, knowledge-driven regional development" (ásamt Tinnu B. Arnardóttur). Flutt á fundi um byggðastefnu ESB, m.a. með ráðgjöfum samninganefndar Íslands um ESB aðild, Höfn, 25. ágúst 2011.
- Þorvarður Árnason. "Liquid landscapes - the ethics and aesthetics of anthropogenic glacial recession in the Vatnajökull region". Fyrirlestur fluttur í boði Centre for Climate Science and Policy Research við Linköping háskóla, 18. okt. 2011.

Skýrslur

- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. "Fagurfræðilegt gildi háhitasvæða." Formáli og umsjón með útgáfu Þorvarður Árnason sem jafnframt er annar leiðbeinenda) Gefið út af Rannsóknasetri HÍ á Hornafirði, maí 2011. 58 síður. ISBN 978-9979-9573-5-5.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009. Forstöðumaður setursins er dr. Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Auk forstöðumanns í fullu starfi unnu tveir starfsmenn í hlutastarfi við setrið á árinu. Vigfús Eyjólfsson sinnti umsýslu gagnagrunna í hlutastarfi og Lilja Jóhannesdóttir vann að afmörkuðu verkefni síðustu tvo mánuði ársins.

Allmargir nemendur starfa við setrið. Þeir stunda fjölbreyttar rannsóknir, einkum á stofnvistfræði fugla, líffræðilegri fjölbreytni og landnotkun. Setrið á oft í samstarfi um leiðbeiningu þeirra við sérfræðinga á öðrum stofnunum. Meistaraneimar eru Elke Wald sem lauk MS námi um áramótin en meistaraverkefni hennar var yfirlit um manngerðar



landbreytingar á Suðurlandi frá 1900 til okkar tíma. Þetta er eina yfirlitið sem gert hefur verið um áhrif landnotkunar á Íslandi þar sem skoðuð eru samlagningaráhrif allra viðamestu þátta landnotkunar á dreifingu landgerða og náttúruauðlinda. Borgný Katrínardóttir rannsakar mikilvægi hálfgróinna áreyra á Íslandi fyrir heimsstofn spóa og Böðvar Þórisson stofnvistfræði sandlóu. Verkefni Heiðu Gehringer fjallar um áhrif eldgosa á líffræðilega fjölbreytni í nágrenni Heklu. Brynja Davíðsdóttir rannsakar áhrif mismunandi uppgræðsluáferða á líffræðilega fjölbreytni og Lilja Jóhannesdóttir kannar tengsl mismunandi landgerða á láglandi við fuglalíf. Fuglar eru ofarlega í fæðukeðjum og viðgangur fuglastofna gefur víðtækar vísbendingar um sjálfbærni auðlindanýtingar. Nemendur sem hafa tengsl við setrið en hafa sína aðalleiðbeinendur og aðsetur annars staðar eru meistaraneimarnir Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Helgi Guðjónsson og

doktorsnemarnir Freydís Vigfúsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson. Þau stunda öll hagnýtar rannsóknir á fuglum (rjúpu, grágæs, kríu og æðarfugli) með tilliti til nýtingar og verndar. Þá lauk Kristín Alísa Eiríksdóttir BS verkefni um áramótin sem fjallaði um varpvistfræði grágæsa.

Tómas hefur frá því 1999 verið einn af forsvarsmönnum alþjóðlegs verkefnis sem miðar að því að öðlast betri skilning á stjórnun stofna farfugla. Farfuglar lifa tvöföldu lífi og stofnar þeirra stjórnast af samspili þátta sem verka á vetrarstöðvum, varpstöðvum og á farflugli. Flestir stofnar fugla á norðlægum breiddargráðum eru farfuglar. Vandamál við að fylgja einstaklingum árið um kring hafa hamlað framförum á þessu sviði, en íslenskir jaðrakanar henta vel sem líkan og eru viðfangsefni þessara rannsókna. Nýjustu niðurstöður verkefnisins komu út á árinu 2011 í tímariti konunglegu bresku vísindaakademíunnar ásamt forsíðumynd. Leiðangrar erlendra samstarfsmanna koma til Íslands á hverju ári undir merkjum verkefnisins og leggja að jafnaði til um 400 manndaga á ári við rannsóknir. Dr. José Alves nýdoktor starfaði við setrið frá apríl til júlí við sama verkefni. Hann er styrktur af breska rannsóknaráðinu og 2011 var þriðja árið sem hann stundar rannsóknir við setrið.

Forstöðumaður Rannsóknasetursins gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á árinu. Þar má nefna andmæli á doktorsvörn Fréderick Robin við háskólann í La Rochelle í febrúar, setu í nefnd umhverfisráðherra um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum

fuglum og villtum spendýrum, og stjórnarmennsku í alþjóðlegum samtökum vaðfuglasérfræðinga (International Wader Study Group), votlendissetri LBHÍ og Vistfræðifélagi Íslands. Tómas hafði einnig umsjón með kennslu í fuglafræði við Háskóla Íslands og var, ásamt öðrum, í forsvari fyrir klasann Fuglar á Suðurlandi sem styrktur er af Vaxtarsamningi Suðurlands. Námskeið í fuglafræði fyrir áhugasama fuglaleiðsögumenn var haldið undir merkjum klasans um vorið.

Háskólalestin og Háskóli unga fólksins heimsóttu Suðurland í byrjun maí í samstarfi við setrið á afmælisári Háskólans. Haldin var viðamikil dagskrá á Hvolsvelli af þessu tilefni, m.a. vísindaveisla þar sem Tómas flutti erindi um farfugla.

Setrið á í samstarfi við sérfræðinga á ýmsum stofnunum um rannsóknir, leiðbeiningu stúdenta og fleira. Þar má helst nefna Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólafélag Suðurlands, Hekluskóga, University of East Anglia og Cambridge University í Bretlandi.

Þrjár greinar birtust í alþjóðlegum fag tímaritum á árinu. Greinunum í Bird Study og Proceedings of the Royal Society of London fylgdu forsiðumyndir sem teknar voru af Sigurjóni Einarssyni:

Útgefið efni

Alves, J.A., Tómas Grétar Gunnarsson, T.G., Potts, P.M., Gélinaud, G., Sutherland, W.J. & Gill, J.A. 2011. Overtaking on migration: does longer distance migration always incur a penalty? Oikos. Online September.

Tómas Grétar Gunnarsson, T.G., Sutherland, W.J., Alves, J.A., Potts, P.M. & Gill, J.A. 2011. Rapid changes in phenotype distribution during range expansion in a migratory bird. Proceedings of the Royal Society of London B. Online June.

Tómas Grétar Gunnarsson & Tomasson, G. 2011. Flexible spring arrival of migratory birds at northern latitudes under rapid temperature changes. Bird Study 58:1-12.

Fyrirlestrar

Tómas Grétar Gunnarsson. Tengsl vistfræði og útlitseiginleika í stækkandi fuglastofni. Líffræðiráðstefnan 2011, Reykjavík 11.-12. nóvember.

Alves, J.A., Tómas Grétar Gunnarsson, Hayhow, D., Potts, P.M., Sutherland, W.J. & Gill, J.A. 2011. Trade-offs between shorter migration and warmer winters: carry-over effects of winter site choice in migratory shorebirds. British Ornithologists' Union annual conference Leicester, Apr 2011.

Alves, J.A., Tómas Grétar Gunnarsson, Appleton G.F., Potts, P.M., Sutherland, W.J. & Gill, J.A. 2011. Dressing up for going out: breeding plumage ornamentation and pre-nuptial migration of Icelandic godwits wintering across the range. International Wader Study Group Conference, Strathpeffer, Scotland, Sep 2011.

Freydis Vigfusdóttir, Guðmundur A Guðmunsson, Tómas Grétar Gunnarsson and Jennifer A. Gill. Life and death of Arctic Tern chicks. CEEC Rebellion. The 11th Annual Conference for

Ecology, Evolution and Conservation at University of East Anglia, 24 - 25 febrúar,
Norwich UK.

Freydis Vigfusdóttir, Tómas Grétar Gunnarsson and Jennifer A. Gill. Arctic Terns in Iceland: causes and consequences of declines in productivity. The Seabird Group 11th International Conference, 2 – 4 September 2011, Plymouth UK.

Freydis Vigfusdóttir, Tómas Grétar Gunnarsson and Jennifer A. Gill. Causes and consequences of declines in productivity of Arctic Terns in Iceland. CEEC seminar series, 11 November 2011, UEA Norwich UK.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ólafur Karl Nielsen, Thomas Willebrand, Páll Hersteinsson og Tómas G. Gunnarsson (2011). Summer mortality and reproduction of female rock ptarmigan in Iceland. Veggspjald á The XVth Nordic Congress of Wildlife Research, Reykjavík, 23.-25. maí 2011 og á Líffræðiráðstefnu Líffræðifélags Íslands, Reykjavík, 11.-12. nóvember 2011.

Tómas Grétar Gunnarsson Um komur farfugla til Íslands. Fyrirlestur á Vísindaveislu Háskólalestarinnar á Hvolsvelli 1. maí 2011.

Tómas Grétar Gunnarsson Tengsl búsvæða og svipgerðar í stækkandi fuglstofni - .Föstudagsfyrirlestur Líffræðistofnunar, 4. apríl 2011.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum var stofnað árið 2004. Rannsóknir á vegum setursins tengjast einkum lífríki sjávar og fuglum, með megináherslu á áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Verkefni og námskeið í tengslum við setrið eru fjölbreytt, og hafa innlendir jafnt sem erlendir vísindamenn og nemendur nýtt sér aðstöðuna í Sandgerði. Umfangsmiklir þættir verklegrar kennslu í eiturefnavistfræði og fleiri greinum innan líffræði við HÍ fara að auki fram í Sandgerði.

Forstöðumaður Rannsóknasetursins er dr. Halldór Pálmar Halldórsson, sjávarlíffræðingur og var hann eini fastráðni starfsmaðurinn 2011. Óskar Sindri Gíslason var verkefnaráðinn en hann lauk meistaraþrófi við setrið 2009. Ásdís Ólafsdóttir hóf framhaldsnám við Háskóla Íslands í september undir handleiðslu Halldórs Pálmars og mun hún rannsaka uppsöfnun og áhrif mengandi efna á krækling. Á árinu vann Fannar Þeyr Guðmundsson hlutastarf við setrið. Í samvinnu við Náttúrustofu Reykjaness höfðu doktorsneminn Gunnar Þór Hallgrímsson og Sigríður Kristinsdóttir starfsmaður Náttúrustofunnar aðstöðu við setrið, auk sérfræðinga frá Líffræðistofnun HÍ.

Frekari rannsóknir fóru fram á árinu á hinum nýja landnema grjótkrabba þar sem m.a. útbreiðsla, vinnsla og nýting á krabbanum var rannsökuð. Ásamt því var mat lagt á stofnstærð út frá merkingum og endurheimtum, en þetta er í fyrsta skipti sem aðferðinni er beitt við stofnstærðarmat á kröbbum hér við land. Vaxtarsamningur Suðurnesja, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og AVS styrkja rannsóknina. Tvö ný og viðamikil samstarfsverkefni á sviði mengunarrannsókna hófust á árinu. Þau nefnast „Pristine Arctic“ og „Ísland, hreint og ómengað? Áhrif olíumengunar á ósnortin strandsvæði Íslands“ og lúta að kortlagningu þungmálma og PAH sambanda á norðurslóðum þar sem uppsöfnun og áhrif efnanna á krækling og þorsk eru rannsökuð með efnagreiningum og beitingu ýmissa



bíomarkera. Norden og Verkefnasjóður sjávarútvegsins styrkja verkefnið. Halldór Pálmar forstöðumaður setursins var umsjónarmaður tveggja framhaldsnema við HÍ sem fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsókna á útbreiðslu og nýtingu öðuskelja við norðanvert Reykjanes. Verkefninu lauk á árinu og var það tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Þá voru fuglaspjöld útbúin í samvinnu við

Náttúrustofu Reykjaness og þau sett upp við setrið um sumarið. Menningarráði Suðurnesja veitti styrk til verkefnisins.

Smærri verkefni á sviði sjávarlíffræði voru einnig unnin á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, auk þess sem setrið kom að tveimur þjónustuverkefnum. Forstöðumaður setursins hafði umsjón með kræklingavöktun við iðjuverin í Hvalfirði, og setrið kom að umhverfisrannsóknum fyrir HS Orku á Reykjanesi í tengslum við jarðhitanýtingu. Líkt og undanfarin ár er forstöðumaður setursins umsjónarmaður og skipstjóri á Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Líffræðistofnunar HÍ, og hefur báturinn nýst við ýmis rannsókn-, kennslu- og þjónustuverkefni á vegum rannsóknasetursins og Líffræðistofnunar.

Forstöðumaður setursins sá um hluta verklegar kennslu í eiturefnavistfræði við líffræðiskor HÍ og fór kennslan fram í Sandgerði. Hann var einnig prófdómari við HÍ þar sem Þórhalla Arnardóttir varði M.Paed verkefni sitt „Lífríki í fjöru við Straum og athugun á TBT mengun í og við Straumsvík“. Ásdís Ólafsdóttir framhaldsnemi við setrið sá um kennslu í líffræði við Háskólabrú Keillis.

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands kom Háskólalestin til Sandgerðis í ágúst ásamt Háskóla unga fólksins. Setrið kynnti starfsemi sína með fyrirlestrahaldi og lífandi kynningu fyrir almenning. Þátttaka íbúa var einstaklega góð og mikil ánægja með Háskólalestina og Háskóla unga fólksins. Setrið tók einnig þátt í vel heppnaðri Háskólalest í Stykkishólmi. Líkt og undanfarin ár kynntu starfsmenn setursins rannsóknir sínar á Vísindavöku Rannís í Háskólabíói og sýndu m.a. lífandi dýr í sjávarbúrum. Tekið var á móti líffræðinemum við HÍ í árlegri vísindaferð þeirra til Sandgerðis.

Setrið var í sjónvarpsþættinum Landanum á Ríkissjónvarpinu í júlí en farið var með þáttarstjórnendur í öðutíslu út frá Vogum á Vatnsleysuströnd og líffræði öðunnar og rannsóknir á henni við HÍ á Suðurnesjum kynntar. Þá fór forstöðumaður setursins í viðtal í útvarpsþættinum Samfélaginu í nærmynd á Rás 1 og sagði frá rannsóknum á grjótkrabba, framvindu tegundarinnar hér við land og nýtingarmöguleika. Í júní birti Fréttablaðið á forsíðu viðtal við forstöðumann setursins vegna landnáms grjótkrabbans, ásamt heilsíðufrétt í blaðinu. Í sama mánuði kom heilsíðufrétt í Fiskifréttum um krabbamerkingarnar sem eru þær fyrstu hér við land.

Rannsóknasetrið samnýtir aðstöðuna að Garðvegi 1 með Náttúrustofu Reykjaness, Botndýrastöðinni og Fræðasetrinu í Sandgerði og eru ýmis rannsóknaverkefni unnin í góðri samvinnu við þá. Áframhaldandi samstarf var við fjögur fyrirtæki á svæðinu, Slægingarþjónustu Suðurnesja ehf., ICAN ehf., Veitingahúsið Vitann og Arctic ehf. á sviði

krabbavinnslu og rannsókna. Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Matís eru í samstarfi um ný rannsóknarverkefni á sviði umhverfismengunar, verkefnið Pristine Arctic og Ísland, hreint og ómengað?, sem fela m.a. í sér beitingu bíómarkera og mælingar á þungmálum og PAH efnunum. Forstöðumaður setursins og dr. Hrönn Jörundsdóttir hjá Matís leiða þessi verkefni en aðrir samstarfsaðilar eru við háskóla og rannsóknastofnanir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Þessi hópur hefur að undanfögnu byggt upp öflugt netverk milli Norðurlandanna og mun sérhæfa sig í rannsóknum á styrk og áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur. Þá safnaði setrið áfram svömpum og öðrum botnföstum sjávarhryggleysingjum í samstarfi við Sesselju Ómarsdóttur hjá Lyfjafræðideild HÍ.

Gistinætur erlendra fræðimanna og nema sem ýmist nýttu sér aðstöðuna eða unnu í tengslum við setrið voru um 200 á árinu. Framhaldsnemar í alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur prófessors dvöldu við setrið í þrjá daga. Setrið stóð fyrir tveggja daga vinnufundi með 10 innlendum og erlendum vísindamönnum í tengslum við samnorræna verkefnið Pristine Arctic, og haldinn var fimm daga vinnufundur í Sandgerði með 12 erlendum vísindamönnum vegna IceAge-leiðangurs þýska rannsóknaskipsins Meteor. Setrið kom að skipulagningu leiðangursins sem farinn var um haustið en tekin voru botnsýni allt umhverfis Ísland og stóð leiðangurinn yfir í einn mánuð.

Fyrirlestrar

Halldór Pálmar Halldórsson og Jörundur Svavarsson 2011. Mat á mengun í sjó með líffræðilegum mælikvörðum. Umhverfismengun á Íslandi – vöktun og rannsóknir. Ráðstefna á vegum HÍ, Matís ohf., Umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, Öskju – Náttúrufræðahúsi, 25. febrúar 2011.

Jónas P. Jónasson, Óskar Sindri Gíslason og Halldór P. Halldórsson 2011. Merkingar og þéttleikamat á grjótkrabba (*Cancer irroratus*). Líffræðiráðstefnan 2011, 11-12. nóvember 2011

Óskar Sindri Gíslason, Halldór P. Halldórsson, Snæbjörn Pálsson og Jörundur Svavarsson 2011. Grjótkrabbi (*Cancer irroratus*) við Ísland. Líffræðiráðstefnan 2011, 11-12. nóvember 2011.

Halldór Pálmar Halldórsson, Aline Andrey, Kristín Ólafsdóttir, Jörundur Svavarsson 2011. Kræklingavöktun – hvað ber að varast? Umhverfismengun á Íslandi – vöktun og rannsóknir. Ráðstefna á vegum HÍ, Matís ohf., Umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, Öskju – Náttúrufræðahúsi, 25. febrúar 2011.